

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein 7. gr. a. svohljóðandi:

Einstaklingur sem verið hefur samfelld atvinnulaus í sex mánuði eða lengur skv. staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og lífeyrisþegar njóta. Staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs skal endurnýja á þriggja mánaða fresti.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

16. júní 1994

Nr. 356

REGLUGERÐ

um tekjutengingu ekkjulífeyris.

1. gr.

Frá og með 1. júlí 1994 skal ekkjulífeyrir skv. 7. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skertur ef árstekjur hlutaðeigandi eru hærri en kr. 839.187 eða kr. 69.932 á mánuði. Ef tekjur eru umfram þessi mörk skal skerða ekkjulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður.

Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né bætur félagslegrar aðstoðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. sbr. 13. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.